

USK Skipulag

Frá: Stefán Kristinsson <stefan@uua.is>
Sent: föstudagur, 16. ágúst 2019 11:30
Til: USK Skipulag
Afrit: Harri Ormarsson; Erna Hrönn Geirsdóttir; Björgvin Rafn Sigurðarson
Efni: Tilkynning um kæru - Mál 79/2019
Viðhengi: Stjórnsýslukæra ásamt fylgiskjölum - 79_2019.pdf

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Góðan dag,

Efni. Tilkynning um kæru.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru, móttokin 15. ágúst ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er „samþykkt skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar, sem gerð var á 42. fundi ráðsins, þann 3. júlí 2019, þess efnis að samþykkja tillögu umhverfis- og skipulagssviðs um breytingu á deiliskipulagi Köllunarkletts [...]“.

Vegna framkominnar kröfu er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi gefið kostur á að tjá sig um kröfuna, 30 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

F.h. úrskurðarnefndarinnar,

Stefán Kristinsson, lögfræðingur
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 561 5111
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður
Please consider the environment before printing

Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála

Skuggasundi 3

101 Reykjavík

Reykjavík, 15. ágúst 2019

STJÓRNSÝSLUKÆRA

I. Kærandi

Pingvangur ehf., kt. 671106-0750, Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík.

II. Kærð ákvörðun

Kærð er samþykkt skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar, sem gerð var á 42. fundi ráðsins, þann 3. júlí 2019, þess efnis að samþykkja tillögu umhverfis- og skipulagssviðs um breytingu á deiliskipulagi Köllunarkletts, sem efnislega felur í sér stofnun nýrrar lóðar, Héðinsgötu 8, í þeim tilgangi að koma þar fyrir 5 smáhýsum sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga Velferðarsviðs Reykjavíkur.

Samþykktinni var vísað til Borgarráðs Reykjavíkurborgar sem samþykkti/staðfesti hana á fundi sínum, þann 18. júlí 2019.

III. Kröfur kæranda

Kærandi krefst þess að samþykkt skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar, sem gerð var á 42. fundi ráðsins, þann 3. júlí 2019, þess efnis að samþykkja tillögu umhverfis- og skipulagssviðs um breytingu á deiliskipulagi Köllunarkletts, sem staðfest var af Borgarráði Reykjavíkur 18. júlí 2019, verði felld úr gildi.

IV. Kæruheimild

Um kæruheimild vísast einkum til 52. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

V. Málsatvik

Kærandi eignaðist lóðirnar Héðingsgötu 1, Héðingsgötu 2 og Köllunarklettsveg 3 með kaupsamningi, dags. 31. mars 2016. Lóðirnar standa allar á sk. Köllunarklettsreit, sem er 10 hektarar að stærð. Undanfarin misseri hafa kærandi, Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir unnið að deiliskipulagi á reitnum í heild sinni í samræmi við aðalskipulag eins og því var breytt með auglýsingu nr. 760, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda, þann 30. ágúst 2017 (fskj. 3), en breytingin felldi niður heimildir til byggingar íbúðarhúsnæðis á reitnum.

Vinna við gerð deiliskipulags hefur verið unnin á fyrrgreindum forsendum um alllangt skeið og þess vegna kom tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, sem kæra þessi lýtur að, eins og þruma úr heiðskíru lofti. Fjölmargar athugasemdir bárust þegar tillagan var auglýst þ.á m. frá kæranda.

Þar sem kærandi telur einsýnt að framangreindar samþykktir séu í andstöðu við gildandi réttarreglur og að málsmeðferð sveitarfélagsins sé aukinheldur í ósamræmi við málsmeðferðarreglur stjórn-sýslulaga og ákvæði skipulagslaga, er þessari stjórn-sýslukæru beint til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) í því skyni að fá ákvarðanir sveitarfélagsins felldar úr gildi.

VI. Rök kæranda

1. Tillagan samrýmist ekki gildandi aðalskipulagi Reykjavíkurborgar og þeim meginreglum sem gilda um gerð deiliskipulags.

Kærandi byggir í fyrsta lagi á því að hin kærða ákvörðun (fskj. 1 og 2) samrýmist ekki gildandi aðalskipulagi og það kann að skýrast af því að í deiliskipulagstillögunni er eldra aðalskipulag lagt til grundvallar, sbr. það sem segir í greinargerð með tillögunni: „Miðsvæði merkt M18, Köllunarklettur er skilgreint: „Einkum skrifstofur, ýmis þjónusta og léttur iðnaður auk íbúða.““ (fskj. 4) Eins og aðalskipulaginu var breytt með auglýsingu nr. 760, þann 30. ágúst 2017 (fskj. 3) var heimild til byggingar íbúða felld niður, en um þá ákvörðun segir á bls. 8 í greinargerð með aðalskipulagsbreytingunni (fskj. 5): „ 10. Köllunarklettur (reitur 29). Lagt er til að ekki verði heimilt að byggja íbúðir á umræddu svæði (miðsvæði M18), þar sem reiturinn er aðskilinn frá nærliggjandi íbúðabyggð með stofnbrautum, og stendur nálægt lóðum þar sem iðnaðar-starfsemi er heimil. Reitur 29 verður því felldur út sem byggingarreitur fyrir íbúðabyggð...“

Eins og fyrr segir hefur kærandi í samstarfi við Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir unnið að gerð heildardeiliskipulags fyrir reitinn. Sú vinna er langt komin þ.m.t. vinna við forsögn og lýsingu. Í þeirri vinnu hefur ekki verið minnst einu orði á þá breytingu sem birtist í hinni umdeildu tillögu og hvorki var haft samráð við kæranda né Faxaflóahafnir áður en tillagan var auglýst og verða það að teljast óeðlileg og ámælisverð vinnubrögð af borgarinnar hálfu.

Pegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefningu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórnin hafi við deiliskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum, sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga.

Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að sveitarstjórn sé heimilt að falla frá gerð slíkrar lýsingar ef allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er á umræddu svæði, sem merkt er M18, einungis gert ráð fyrir atvinnuhúsnæði. Þar kemur og fram áætluð aukning slíks húsnæðis um 85 þúsund m².

Í 2. mgr. 37. gr. skipulagslaga kemur fram að deiliskipulag skuli gera fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og skal jafnan miða við að það taki til svæða sem mynda heildstæða einingu. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því er varð að skipulagslögum kemur fram að með þessu hafi ætlunin verið að koma í veg fyrir að skipulagðar séu einstakar lóðir þó að slíkt geti þó stundum átt við. Hin umdeilda tillaga sækir því heimild til undantekningarreglu sem ber samkvæmt viðurkenndum skýringaraðferðum laga að túlka þröngt. Kærandi telur engin skilyrði til beitingar fyrrgreinds undantekningar-ákvæðis skipulagslaga.

Með deiliskipulagi er markmiðið m.a. að útfæra nánar ákvæði aðalskipulags, taka ákvarðanir um notkun lóða og stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands. Við skipulagsgerð skal og tryggja réttaröryggi einstaklinga og lögaðila þótt almannahagsmunir séu hafðir að leiðarljósi, sbr. 1. gr. skipulagslaga. Hvorki verður séð að hin umdeilda tillaga sé í samræmi við markmið deiliskipulags né að hún uppfylli þau skilyrði sem lög gera til slíkra tillagna.

Tillagan hlýtur því að teljast fara í bága við landnotkunarákvæði gildandi aðalskipulags auk þess sem hún samræmist ekki ákvæði 2. mgr. 37. gr. laga nr. 123/2010 og öðrum meginreglum um gerð deiliskipulags.

Reykjavíkurborg hefur leitast við að slá ryki í augu þeirra sem gert hafa athugasemdir við tillöguna og fullyrt að ekki sé um hefðbundna búsetu að ræða heldur tímabundið úrræði fyrir skjólstæðinga velferðarsviðs borgarinnar (fskj. 6) Þessi fullyrðing fær ekki staðist að mati kæranda. Kærandi telur að búseta skjólstæðinga velferðarsviðs borgarinnar hljóti að teljast hefðbundin á allan hátt. Það eina sem kann að vera tímabundið í þessu sambandi er

búseta hvers og eins skjólstæðings, þar sem einn tekur við af öðrum. Það hlýtur að vera gengið út frá því af hálfu borgarinnar, að úrræðið sé viðvarandi og þar af leiðandi getur búseta ekki verið annað en hefðbundin og viðvarandi.

2. *Málsmeðferðarreglur brotnar*

Kærandi byggir í fyrsta lagi á því að sveitarfélagið hafi ekki gætt rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 (ssl.). Kærandi telur afgreiðslu borgarinnar á athugasemdum sínum, Alanó samtakanna og rekstrarfélags Draumasetursins vera byggðá á ófullnægjandi rannsókn á aðstæðum og atvikum öllum. Í tilfalli Alanó samtakanna og Draumasetursins er um að ræða meðferðarúrræði fyrir áfengis- og vímuefnanotendur þ. á m. sprautufikla. Kærandi telur óhugsandi að undangenginni fullnægjandi rannsókn sé unnt að komast að þeirri niðurstöðu, að nábyli skjólstæðinga velferðarsviðs sé heppilegt fyrir áfengis- og vímuefnanotendur sem eru á batavegi. Að öðru leyti vísast til athugasemda fyrrgreindra samtaka hvors um sig (fskj 6).

Kærandur byggja í öðru lagi á því að sveitarfélagið hafi með hinni kærðu ákvörðun brotið í bága við meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins, sbr. 12. gr. ssl., en samkvæmt reglunni skal stjórnvald því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti.

Kærandi hefur ítrekað boðið borginni, að reisa fyrirhuguð smáhýsi á lóð kæranda að Köllunarklettsvegi 3. Kærandi telur hægt að reisa smáhýsi, eins og þau sem lýst er í hinni umdeildu tillögu, á grundvelli stöðuleyfis til eins árs í senn og að slík ráðstöfun samræmist betur aðalskipulagi og þeirri deiliskipulagsvinnu sem þegar hefur verið unnin í samvinnu kæranda, borgarinnar og Faxaflóahafna.

Á lóð kæranda væri jafnvel hægt að reisa fleiri smáhýsi en þau 5, sem reisa á skv. hinni umdeildu tillögu og myndi slík ráðstöfun eðli sínu samkvæmt leysa stærri vanda en þann sem hinni umdeildu tillögu er ætlað að leysa.

Þá tæki staðsetning smáhýsanna á lóð kæranda mun meira tillit til starfsemi Alanó samtakanna og Draumasetursins, sem lýst var hér að framan.

Þá telur kærandi, að verulega skorti á að hin kærða ákvörðun hafi verið rökstudd með viðhlítandi hætti, sbr. 20. gr. ssl.

3. *Sjónarmið um vernd eignarréttinda og réttmætar væntingar*


Til viðbótar framangreindu bendir kærandi á að hann hefur haft réttmætar væntingar til þess að einungis atvinnuhúsnaði væri reist á grundvelli þess deiliskipulags sem unnið hefur verið að í samvinnu aðila. Hefur framkoma borgarinnar í þeirri skipulagsvinnu einungis

styrkt kæranda í þeirri trú sem samræmist jafnframt gildandi aðalskipulagi. Annars konar starfsemi á deiliskipulagsreitnum kann að leiða til verðrýrnunar á eignum kæranda innan reitsins og gengur slíkt gegn stjórnarskrárvörðum eignarréttindum kæranda, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Með vísan til alls þess sem að framan greinir eru ekki efni til annars en að fallast á kröfu kæranda um að fella úr gildi hina kærðu ákvörðun.

Hin kærða ákvörðun lýtur einungis að tillögu um deiliskipulagsbreytingu. Kærandi væntir þess að ekki verði veitt framkvæmda- eða byggingarleyfi á grundvelli þessarar ákvörðunar á meðan beðið er úrskurðar Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málinu. Komi hins vegar til þess mun kærandi umsvifalaust kæra slíka ákvörðun og krefjast þess með stoð í 5. gr. laga um Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, að réttaráhrifum slíks leyfis verði frestað uns skorið hefur verið úr um lögmati þess á stjórnsýslustigi.

Virðingarfyllst,



Jóhann Fannar Guðjónsson hdl.,
f.h. Friðbjörns Garðarssonar hrl.
AX lögmannsþjónusta slf.

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar þann 3. júlí 2019.
2. Fundargerð Borgarráðs Reykjavíkurborgar þann 18. júlí 2019.
3. Auglýsing nr. 760, birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 30. ágúst 2017.
4. Greinargerð með breytingu deiliskipulagi.
5. Breyting á aðalskipulagi.
6. Útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 3. júlí 2019 ásamt fylgiskjölum.
7. Lögmannsumboð.
8. Afsal.

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2019, miðvikudaginn 3. júlí kl. 9:00, var haldinn 42. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal.

Viðstaddir voru: Sigurborg Ó. Haraldsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Ragna Sigurðardóttir, Hjálmar Sveinsson, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir Daníel Örn Arnarsson, Baldur Borgþórsson og Ásgerður Jóna Flosadóttir.

Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir og Erna Hrönn Geirsdóttir.

Fundarritari er Björgvin Rafn Sigurðarson

Dagskrá:

(D) Ýmis mál

1. Skipulags- og samgönguráð, nýr fulltrúi Mál nr. US190220

Lagt er fram bréf, dags. 27. júní 2019, frá fundi borgarráðs þann 27. júní 2019 þar sem var samþykkt að Katrín Atladóttir taki sæti í skipulags- og samgönguráði í stað Valgerðar Sigurðardóttur.

(A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Mál nr. SN010070
Reykjavíkur, fundargerð

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 28. júní 2019.

3. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Mál nr. SN170741
miðsvæði M2c-M2g. Múlar-
Suðurlandsb., breyting á aðalskipulagi -
heimildir um íbúðarhúsnæði

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. í desember 2018 fyrir miðsvæði M2c-M2g, Múlar- Suðurlandsbraut, er varðar kröfu um gerð deiliskipulags við breytingu húsnæðis á svæði M2e. Tillagan var auglýst frá 29. mars 2019 til og með 10. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað í borgarráð.

Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri aðalskipulags Reykjavíkur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Mál nr. SN180292
Sjómannaskólareitir og Veðurstofuh.,
breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur,
breytt landnotkun og fjölgun íbúða

Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. í júní 2019 fyrir breytingu á aðalskipulagi fyrir Sjómannaskólareit og Veðurstofuhæð. Í breytingunni felst breytt landnotkun og fjölgun íbúða á svæðinu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu samkvæmt 36. gr. sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fjórum atkvæðum Fulltrúa Pírata, fulltrúa Samfylkingarinnar og fulltrúa Viðreisnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu erindisins.

Vísað í borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

“Eins og segir á forsiðu Skipulagsstofnunar er mikilvægt að sjónarmið almennings komi fram þegar teknar eru ákvarðanir sem varða hagsmuni almennings og geta haft í för með sér miklar breytingar á umhverfinu. Í þessu máli hafa komið óvenju mikið af alvarlegum athugasemdum frá fólki á öllum aldri og þar með börnum sem er annað um umhverfi sitt. Þetta svæði er afar mikilvægt í borgarlandinu enda einstakt. Flokkur fólksins vill hvetja meirihlutann til að staldra við og ana ekki að neinu sem ekki verður aftur tekið. Hér er auðvelt að gera alvarleg mistök svo stórslys verði. Meirihlutinn í borgarstjórn verður að fara rækilega ofan í saumana á umsógnum og athugasemdum og kynna sér vandlega þau málefni er varða sjálfsprottnu grænu svæðin á Sjómannaskólareitnum í Reykjavík. Sérkenni þeirra og þýðingu fyrir Háteigshverfið og Reykjavíkurborg. Hefur meirihlutinn heimsótt Vatnshólinn sjálfan sem dæmi? sem er kennileiti hverfisins og griðarstaður íbúa. Umhverfi hans er uppspretta ævintýra, útivistar og samveru hverfisbúa. Útivist og leikur í náttúrunni er það sem hefur mótað Íslendinga frá örófi alda, á tímum tölvuleikja og nútímatækni er mikilvægt að börnin hafi eitthvað í sínu nær umhverfi sem hvetur þau til útiveru og ævintýrasköpunar á þann hátt sem Sjómannaskólareiturinn í heild sinni gerir.”

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata bóka: “Reykjavíkurborg og ríkið gerðu nýverið með sér samkomulag um endurskipulagningu svæða sem hafa verið á forsjá ríkisins með það að markmiði að fjölga íbúðum, þá sérstaklega fyrir ungt fólk, námsmenn, fyrstu kaupendur og aldraða.

Sjómannaskólareiturinn er eitt þessara svæða. Við vinnslu deiliskipulags fyrir reitinn hefur verið tekið mið af þeim athugasemdum sem borist hafa. Breytingar fela m.a. í sér að vatnsgeymar og stakkstæði eru fest í sessi sem græn svæði sem njóta hverfisverndar. Haft hefur verið að leiðarljósi að nýbyggingar falli vel að núverandi byggð og hefur byggingarmagn verið minnkað frá fyrri tillögu í samræmi við athugasemdir nággranna. Hæð húsa verður enn fremur einungis um 2-4 hæðir og mun Sjómannaskólinn því áfram njóta sín sem hæsta bygging svæðisins. Nýtingarhlutfall (byggingarmagn á flatarmál lands) á reitnum verður áfram talsvert lægra en á nálægum reitum, svosem reitir með íbúabyggð við Vatnsholt, Háteigsveg, Skipholt og Rauðarárholt. Lega svæðisins er hagstæð hvað varðar virka ferðamáta. Borgarlína verður í göngufjarlægð auk deilibílaþjónustu og þétts nets hjólastíga. “

5. Sjómannaskólareitur, breyting á deiliskipulagi

Mál nr. SN170694

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Sjómannaskólareit 1.254.2. Í tillögunni felst uppbygging á lóð Sjómannaskólans fyrir allt að 150 nýrra íbúða á svæðinu fyrir eldri borgara, námsmenn, félagsbústaði og hagkvæmt húsnæði (almennar íbúðir). Auk þess verður bætt við byggingarheimildum fyrir biskupsstofu á lóð Háteigskirkju. Reiturinn afmarkast af Háteigsvegi til suðurs, Vatnsholti til austurs, Skipholti til norðurs, Nóatúni og lóð Háteigskirkju til suðurs og vesturs, samkvæmt uppdr. A2F arkitekta ehf. dags. 1. júlí 2019. Einnig er lagt fram bréf Minjastofnunar Íslands dags. 18. apríl 2019 og Húsakönnun Borgarsögusafns móttekin í júní 2019 og samgöngumat EFLU dags. 3. júní 2019.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar: “Flokkur fólksins vill vekja athygli á óskum nemenda í Háteigsskóla og draga fram þeirra framtíðarsýn á svæðinu.

Ungviðið í hverfinu vill ekki ný hús hjá Vatnshólnum. Vatnshóllinn er uppáhalds hóllinn og þeim finnst svo gott útsýni og gaman að leika sér á honum. Þau fara oft í leiki á hólnum með vinum sínum. Hóllinn er líka svo fallegur og skemmtilegur. Við ímyndum okkur stundum að hurðarnar á hólnum séu verndar risar. Vatnshóllinn er ævintýraheimur fyrir okkur. Hann er líka besta sleðabrekkan og við værum frekar til í að fá almennilegar tröppur til að komast upp á hólinn og rennibraut niður og útsýnis skífu til að kenna okkur hvað öll fjöllin heita sem við sjáum þegar við stöndum upp á hólnum. Á að hunsa óskir og skoðanir unga fólksins hér.”

Aðalheiður Atladóttir og Falk Krüger arkitekta taka sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Rauðagerði 27, breyting á deiliskipulagi (01.821.2) Mál nr. SN180047
530169-5539 Félag íslenskra hljómlistarm, Rauðagerði 27, 108 Reykjavík
450400-3510 VA arkitekta ehf, Borgartúni 6, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Ólafs Óskars Axelssonar f.h. Félags íslenskra hljómlistarm. dags. 24. janúar 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 27 við Rauðagerði. Í breytingunni felst að gera nýjan byggingarreit fyrir tvær færanlegar kennslustofur norðaustanmegin við tónleikasal, við lóðarmörk, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 24. janúar 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 9. ágúst 2018 til og með 6. september 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Jóhanna Guðmundsdóttir og Helgi Helgason dags. 4. september 2018. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. júní 2019.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. júní 2019.

Vísað til borgarráðs

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Rauðagerði við Miklubraut, breyting á (01.82) Mál nr. SN180472
deiliskipulagi

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 22. júní 2018 varðandi breytingu á mörkum deiliskipulags vegna nýrra lóðarmarka Tónlistarskóla FHÍ að Rauðagerði 27 samkv. uppdrætti Landmótunar dags. 19. júní 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 9. ágúst 2018 til og með 6. september 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Jóhanna Guðmundsdóttir og Helgi Helgason dags. 4. september 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. september 2018 og er nú lagt fram að nýju. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júní 2019.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. júní 2019.

Vísað til borgarráðs

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Freyjubrunnur 23, breyting á (02.695.4) Mál nr. SN180649
deiliskipulagi
260662-6519 Jón Hrafn Hlöðversson, Holtsbúð 27, 210 Garðabær
520515-1000 Mánalind ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Jóns Hrafns Hlöðverssonar dags. 18. september 2018 um breytingu á deiliskipulagi að Freyjubrunni 23. Í breytingunni felst m.a. að fjölga íbúðum úr fimm í átta og auka byggingarmagn,

samkvæmt uppdr. Mansard teiknistofu dags. 31. janúar 2019. Einnig er lagt fram bréf Mansard teiknistofu dags. dags. 18. september 2018 og bréf borgarlögmans dags. 5. september 2018. Jafnframt er lagt fram bréf Mansard teiknistofu ehf. dags. 29. ágúst 2018 mótt. 23. nóvember 2018. Tillagan var auglýst frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Hildur Eyjólfsdóttir dags. 21. apríl 2019, Ástríður Elín Jónsdóttir og Jón Viggó Gunnarsson dags. 6. maí 2019, Jón Viggó Gunnarsson, Guðrún B. Ægisdóttir og Sandra Júlí Berndburg f.h. Húsfélagsins Freyjubrunni 25-27 dags. 8. maí 2019 og Hafliði Páll Guðjónsson, Ámunda Baldursdóttir, Pálmi Franklín Guðmundsson og Guðrún Ása Hjálmtýsdóttir dags. 8. maí 2019. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dag. 28. júní 2019.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. júní 2019.

Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar:

„Miðflokkurinn hefur á fyrri stigum málsins bókað að afar óheppilegt sé, að téð umsókn um breytingu deiliskipulags og útgáfa nýs byggingaleyfis þar sem íbúðum er fjölgað úr 5 í 8 ofl. sé yfirhöfuð tekin til meðferðar meðan mál vegna áður útgefins byggingaleyfis er til meðferðar hjá Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála. Mögulega neikvæður úrskurður

ÚUA yrði þannig marklaus.

Ljóst er að mistök voru gerð við útgáfu byggingaleyfis á sínum tíma og á það var bent af íbúum.

Mistök eru partur af lífinu, hvernig unnið er úr þeim skiptir öllu máli. Rétt viðbrögð hefðu verið að draga til baka áður útgefið byggingarleyfi, harna mistökin og láta gildandi deiliskipulag halda sér.

Það var ekki gert.

Þess í stað var farið í þá vegferð að breyta deiliskipulagi og athugasemdir íbúa þannig virtar að vettugi.

Að teknu tilliti til forsögunnar leggst Miðflokkurinn alfarið gegn afgreiðslu málsins. Mistök borgarinnar eiga aldrei að vera á kostnað íbúa.

Baldur Borgþórsson“

Hrafnhildur Sverrisdóttir, verkefnastjóri tekur sæti á fundinum á þessum lið.

9. Héðinsreitur, reitur 1.130.1, breyting á (01.130.1) Mál nr. SN170526
deiliskipulagi
421003-3430 Teikn arkitektapjónusta ehf, Skipholti 25, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. júní 2019 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 13. júní 2019, umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 4. apríl 2019, umsögn Vegagerðarinnar dags. 4. apríl 2019. Einnig lagður fram uppdráttur og greinargerð Teikn arkitektarþjónustu ehf. dags. 20. desember 2018, síðast breytt 28. júní 2019 og hönnunarbók og fylgigögn dags. 20. desember 2018. Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. júní 2019.

Skipulags- og samgönguráð samþykkir þau viðbrögð og breytingar skipulagsfulltrúa, sbr. umsögn dags. 28. júní 2019, við athugasemdum Skipulagsstofnunar sem komu fram í bréfi dags. 13. júní 2019.

Vísað til borgarráðs.

Jón Kjartan Ágústsson, verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. Háskólinn í Reykjavík, breyting á (01.751) Mál nr. SN180684
deiliskipulagi
701211-1030 Grunnstoð ehf., Menntavegi 1, 101 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 2. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík. Í breytingunni felst að afmarkaðir eru þrír byggingarreitir fyrir hjólaskýli á lóð, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 26. júní 2019.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs (nú skipulags- og samgönguráðs) án staðfestingar borgarráðs.

11. Gufunes, Jöfursbás 11, breyting á (02.2) Mál nr. SN190398
deiliskipulagi
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Yrki arkitekta ehf. dags 27. júní 2019, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Gufunes vegna lóðarinnar nr. 11 við Jöfursbás. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar úr 4771 m² í 5641 m². Ekki er gert ráð fyrir að byggt verði neðanjarðar, hámarks byggingarhæð verði lækkuð úr 7 hæðum í 5 hæðir, fallið verði frá kröfu um bílastæði á lóð, bílastæðapörfin er reiknuð út sem 1 stæði per 120m² íbúðarhúsnæðis, gert er ráð fyrir minni íbúðum en tilgreint er í almennum skilmálum, aðkoma neyðarbíla og lestunar/losunar bíla innan lóðar verði tryggð, gert verði ráð fyrir djúpgámum á lóðinni, gert verði ráð fyrir allt að 130 íbúðum á lóðinni, lóðarmörk verði færð 7m vestur og 15,8m til suðurs og fl. ásamt skilmálabreytingum samkvæmt uppdrætti Yrki arkitekta ehf. dags 27. júní 2019.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Birkir Ingibjartsson, verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. Laugavegur sem göngugata, Mál nr. SN190399
skipulagslýsing, skipulagslýsing

Lögð er fram lýsing skipulagsfulltrúa, dags. 28. júní 2019, vegna nýs deiliskipulags fyrir Laugavegin sem göngugötu sem er í samræmi við samþykkt Borgarstjórnar Reykjavíkur. Markmið og tilgangur er að skipuleggja varanlegar göngugötur á Laugavegi, Bankastræti og Skólavörðustíg. Unnið er samhlíða því að forhönnun og undirbúningi í samráði við hagsmunaaðila. Ákveðið verður í framhaldinu hvort unnið verði eitt heildstætt skipulag fyrir götukaflana, eða svæðið búið niður í áfanga.

Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að lýsingu dags. 28. júní 2019 samþykkt.

Samþykkt að kynna framlagða lýsingu fyrir eftirfarandi aðilum:

Skipulagsstofnun, Samtökin Miðborgin Okkar, Miðbæjarfélagið, Minjastofnun Íslands Borgarsögusafn Reykjavíkur, OR/Veitur, Öryrkjabandalagið, Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins, Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu og einnig fyrir þeim aðilum sem nefndir eru í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

“Það er alveg ljóst að verulegur meirihluti rekstraraðila er á móti lokunum samkv. könnun sem Zenter og Miðborgin okkar lét gera og Samtök verslunar og þjónustu fjármagnaði. Sú niðurstaða er áfall fyrir Miðborgina Okkar og meirihlutann í borgarstjórn. Það verður fróðlegt að sjá viðbrögð þeirra. Ætílar Miðborgin Okkar að standa með rekstraraðilum og berjast gegn lokunum eða vera fjarðstýrð strengjabrúða sem er stjórnað frá Ráðhúsinu sem fjármagnar félagið að mestu leiti gegnum styrki? Þá liggja frammi undirskriftir 247

rekstraraðila á Laugavegi, Skólavörðustíg, Bankastræti og allra næsta nágrenni þar sem yfir 90% rekstraraðila mótmæla lokunum. Flokkur fólksins veit til þess að ekkert samráð hefur verið haft við einn einasta af þessum 247 andmælendum. Þannig að allar lokanir eru gerðar í mikilli andstöðu við rekstraraðila og á þá ekki hlustað enda eru engar rekstralegar forsendur fyrir lokunum. Lokanir hafa skaðað flesta samkvæmt því sem þessir aðilar segja. Samkvæmt könnun Zenter mun viðskiptavinum miðborgarinnar fækka um að minnsta kost 25% ef lokað verður allt árið. Verslunin má ekki við því að missa þá.“

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bóka:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkja að skipulagslýsing umhverfis- og skipulagssviðs verði kynnt þannig að umsagnaraðilar, rekstraraðilar og íbúar geti komið athugasemdum sínum á framfæri. Rétt væri að fleiri aðilar fengju að vera formlegir umsagnaraðilar en eru taldir upp. Má hér nefna Íbúasamtök Miðborgar Reykjavíkur og Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra. Verslun og þjónusta á mjög undir högg að sækja í Reykjavík meðal annars vegna þess að fasteignaskattar hafa hækkað gríðarlega. Mikilvægt er að breytingar á rekstrarumhverfinu eins og þessi tillaga felur í sér fái ítarlega og sanngjarna skoðun og umsögn þeirra sem málið varðar áður en hún kemur til samþykktar.“
Aðheymarfulltrúi Miðflokksins bókar:

„Miðflokkurinn harmar að ekki hafi verið haft samráð við hagsmunaaðila við ákvörðunartöku um að varanlegar göngugötur.

Yfirlýsing borgarstjóra á fundi borgarstjórnar 4.sept. síðastliðin um að Laugavegur skyldi verða göngugata frá Hlemmi vekur sérstaka eftirtekt, enda myndi slíkt þýða að aðkoma að 200 stæða bílastæðahúsi Bílastæðasjóðs borgarinnar myndi lokast.

Gerræðislegar yfirlýsingar sem þessi eru ekki merki um að samráð og sátt sé ofarlega á baugi hjá borgarstjóra enda hefur nú verið ákveðið að svara í engu fjölda athugasemda og undirskriftalistum er málið varða.

Því ber þó að fagna að hér er dregið í land með lokun Laugavegs frá Hlemm og að efsti punktur lokunar verði Barónstígur. En hversu lengi varir það? Hvar endar sú gerræðisför sem hér er haldið í?

Sá misskilningur virðist hrjá borgarstjóra að í síðustu kosningum hafi hann fengið umboð kjósenda til að framfylgja vilja sínum.

Svo er ekki, hann fékk umboð til að framfylgja vilja kjósenda.

Fáum upp á borðið hver vilji þeirra er áður en lengra er haldið.

Krafan er að raunverulegt samráð verði haft við hagsmunaaðila og íbúa. Það er farsæl leið, það er rétt leið.

Miðflokkurinn hefur ekkert á móti göngugötum, en setur kröfu um að slíkt sé gert í sátt og samráði.

Baldur Borgþórsson

Varaborgarfulltrúi Miðflokksins“

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata bóka: “Flokkarnir sem mynda meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur höfðu allir þá stefnu að gera Laugaveg að varanlegri göngugötu og umboð kjósenda því skýrt. Við undirbúning varanlegra göngugatna í Reykjavík er viðtækt samráð mikilvægt leiðarstef, þannig hefur það verið hingað til og verður áfram. Sem dæmi má nefna opið samráð í Ráðhúsi Reykjavíkur dagana 28. janúar til 3. febrúar og opinn samráðsfund með veitingafólki, verslunarrekendum, ferðaþjónustu- og vöruflutningaaðilum. Þá á borgin í reglulegu og góðu samtali við Öryrkjabandalag Íslands og fleiri hagsmunafélög auk þess sem á vegum borgarinnar starfar öflug aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks. Einnig er vert að benda á að í maí var tilkynnt að aðgengisfulltrúar ÖBÍ muni á næstunni gera úttekt á aðgengismálum fatlaðra á ýmsu stöðum í borginni, þar með talið á Laugavegi.”.

Kl. 11:14 vikur Eyþór Laxdal Arnalds af fundi.

Kl. 11:16 tekur Valgerður Sigurðardóttir sæti á fundinum. Þá var búið að afgreiða erindi nr. 16.

13. Héðinsgata 8, breyting á deiliskipulagi, búsetuúrræði Velferðarsviðs - smáhýsi Mál nr. SN180859

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Köllunarkletts til að koma fyrir 1-5 ca. 30m² smáhýsum fyrir skjólstæðinga Velferðarsviðs Reykjavíkur /Félagsbústaða. Tillagan gerir ráð fyrir nýrri lóð Héðinsgata 8 fyrir smáhýsin, á núverandi bílastæði á borgarlandi, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Stiku ehf. dags. 12. desember 2018, breytt 23. júní 2019. Einnig er lögð fram umsögn Faxaflóahafna sf. dags. 2. janúar 2019. Tillagan var auglýst frá 28. janúar 2019 til og með 11. mars 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Örn Helgason f.h. Héðinsgötu 10 ehf. dags. 5. mars 2019, Kristján Sveinlaugsson f.h. Þingvangs dags. 11. mars 2019, Arnar Þór Ólafsson dags. 11. mars 2019, Stella Guðrún Arnarsdóttir mótt. 11. mars 2019, Ólafur H. Ólafsson f.h. Spörvar Líknarfélag Reykjavíkur mótt. 11. mars 2019, Aron Örn Jakobsson mótt. 11. mars 2019, Kristinn A. Kristinsson mótt. 11. mars 2019, Haraldur Guðnason mótt. 11. mars 2019, Karítas Ósk Þorsteinsdóttir f.h. Alanó Klúbbinn mótt. 11. mars 2019, Ólafur Þórir Guðjónsson mótt. 11. mars 2019, Sigurður Ólafsson mótt. 11. mars 2019, Sigurður Konráðsson mótt. 11. mars 2019, Hrefna Rán mótt. 11. mars 2019, Sigurður Þór Þórsson mótt. 11. mars 2019 og Ásta Björg Jörundar mótt. 11. mars 2019. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. júní 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. mars 2019 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2019.

Tillagan er samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2019 með fjórum atkvæðum Fulltrúa Pírata, fulltrúa Samfylkingarinnar og fulltrúa Viðreisnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu erindisins.

Vísað til borgarráðs

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bóka:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa lagt áherslu á búsetuúrræði til lengri og skemmri tíma. Þessi úrræði eru mikilvæg, enda hefur fjöldi heimilslausra tvöfaldast á fáum árum. Hér hafa komið fram sterk andmæli frá aðilum sem eru að vinna í bataferli og er vert að virða sjónarmið þeirra. Þá er nauðsynlegt að heimildin sé til fyrirfram skilgreinds tíma þar sem búseta er óheimil samkvæmt aðalskipulagi.”

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar:

“Fulltrúar Fulltrúi Miðflokksins mótmælir harðlega samþykkt deiliskipulagsbreytingar vegna Héðinsgötu 8 í ljósi þeirra athugasemda sem bárust við auglýsingu breytingar.

Lítum nánar á tvær þeirra athugasemda sem bárust:

Draumasetrið, nálægð, 30metrar:

Síðastliðin 6 ár hefur líknarfélag rekið áfangaheimilið Draumasetrið fyrir 42 sálir að Héðinsgötu 10 með samþykki borgarráðs og skipulagsyfirvalda Reykjavíkur og Faxaflóahafna.

Íbúar hússins er undantekningalaust fólk sem er í bataferli eftir að hafa verið í neyslu áfengis og fíkniefna og koma flestir frá SÁÁ, Hlaðgerðarkoti, Krísuvík og fangelsum. Allt er gert til að íbúum líði sem best, með miklu aðhaldi, ströngum reglum, fundum og hjálp til að komast aftur til betra lífs.

Alanó, nálægð, 10metrar:

Alanó rekur líknarfélag við Héðinsgötu 1-3 þar sem starfræktar eru yfir 50 12spora deildir AA samtakanna. Varlega áætlað sækja 250-500 manns þessa

þjónustu daglega og er stór hluti þeirra nýliðar sem eru að stíga fyrstu og erfiðustu skrefin að nýju lífi án áfengis og fíkniefna.

Samantekt:

Það frábæra starf sem Draumasetrið og Alanó hafa staðið fyrir í fjölda ára er sett í algjört uppnám þar sem ein stærsta forsenda bata alkahólista og fíkla er að slíta með öllu samgangi við neyslustaði og þá sem eru í neyslu.

Að setja bata þúsunda í hættu fyrir úrræði fyrir 5 einstaklinga er glapræði.“

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata, Flokks fólksins og Sosialistaflokks Íslands bóka:“Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata, Flokks fólksins og Sosialistaflokks Íslands styðja eindregið uppbyggingu smáhýsa fyrir heimilislausa einstaklinga sem margir hverjir búa við fjölpættan vanda. Við tökum undir umsögn Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um mikilvægi tímabundins húsnæðis fyrir heimilislausa einstaklinga sem hafa þörf á virkri nærþjónustu og undirstrika að nálægð við úrræði geti skipt sköpum og aukið líkur á bata. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur þegar fundað með Draumasetrinu varðandi fyrirhuguð smáhýsi og mun áfram hafa samband við Alanó Klúbbinn eins og kemur fram í kynningu frá sviðinu.”.

Sigbrúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða og Berglind Magnúsdóttir skrifstofustjóri öldrunar og húsnæðismála, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

15. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, fundargerð Mál nr. BN045423

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundagerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 2026 frá 25. júní 2019.

16. Brekkustígur 6B, Hæð og ris ofan á þegar (01.134.114) Mál nr. BN056004 byggt hús
270261-5159 Ríkarð Oddsson, Brattatunga 6, 200 Kópavogur
240959-5189 Stefán Ómar Oddsson, Lyngrimi 1, 112 Reykjavík
030861-3539 Ragnar Sær Ragnarsson, Einholt 10, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. apríl 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja hæð og ris á hús nr. 6B við Brekkustíg auk svala og útistiga á bakhlið. Erindi var grenndarkynnt frá 30. apríl 2019 til og með 28. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigrún L. Baldvinsdóttir dags. 18. maí 2019 og Aðalsteinn Smárason, Anna Soffía Gunnarsdóttir, Guðný Margrét Emilsdóttir, Heiðrún Kristjánsdóttir og Ólafur Kvaran dags. 27. maí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2019 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. júní 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. júní 2019 samþykkt.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

17. Réttarholtsvegur 21-25, Færanlegar (01.832.301) Mál nr. BN056074
kennslustofur og tengingangur
Verkb.nr. 170694
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fyrirspurnir

56. Bergstaðastræti 40 (01.185.202) 102156 Mál nr.
BN056350
150185-2469 Solveig Pálsdóttir, Bergstaðastræti 40, 101 Reykjavík
Spurt er hvort skráð ósamþykkt íbúð í risi fengist samþykkt sem íbúð á lóð nr. 40 við Bergstaðastræti.
Erindi fylgir bréf umsækjanda ódagsett ásamt afriti af áður samþykktum teikningum.
Afgreitt
Óska skal eftir íbúðaskoðun.
57. Bergstaðastræti 8 (01.171.210) 101390 Mál nr.
BN056328
060264-7169 Þorsteinn Ágúst Ólafsson, Bergstaðastræti 8, 101 Reykjavík
Spurt er hvort leyfi fengist til að loka svölum með 2,7 m háu öryggisgleri á húsi nr. 8 við Bergstaðastræti.
Erindi fylgir ódagsett samþykki húsfélags/félagsmana húsfélags og yfirlýsing arkitekts dags. 31. maí 2019.
Afgreitt
Gera þarf betur grein fyrir erindinu.
58. Fiskislóð 27 (01.089.203) 209691 Mál nr.
BN056360
520315-0120 S.K.Ó. ehf., Eikjuvogi 11, 104 Reykjavík
Spurt er hvort leyfi fengist fyrir því að breyta notkun þannig að skrifstofuhúsnæði verði að vinnustofum listamanna í húsi á lóð nr. 27 við Fiskislóð.
Afgreitt
Málinu er vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
59. Sóleyjarimi 83-95 (02.536.701) 195536 Mál nr.
BN056351
020572-4349 Jón Ingi Ingimarsson, Sóleyjarimi 83, 112 Reykjavík
080174-3149 Ásta Lilja Björnsdóttir, Sóleyjarimi 83, 112 Reykjavík
Spurt er um leyfi til byggingar smáhýsis og hversu stórt það mætti vera á sérafnotareit endaraðhúss nr. 83 á lóð nr. 83-95 við Sóleyjarima.
Afgreitt
Með vísan til leiðbeininga á fyrirspurnarblaði.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 14:32.

Björgvin Rafn Sigurðarson

Nikulás Úlfar Mátsson
Edda Þórsdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Sigrún Reynisdóttir
Harpa Cíla Ingólfssdóttir

Fundur nr. 5551

Hlusta

(/facebook)

(/twitter)

(/google_plus)

BORGARRÁÐ

Ár 2019, fimmtudaginn 18. júlí, var haldinn 5551. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09:03. Viðstödd voru auk borgarstjóra; Líf Magneudóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Pawel Bartoszek, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir. Einnig sátu fundinn áheyrnarfulltrúarnir Sanna Magdalena Mörtudóttir, Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ebba Schram og Linda Sif Sigurðardóttir. Fundarritari var Bjarni Þóroddsson.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð innkauparáðs frá 4. júlí 2019. R19010016

Fylgigögn

[Fundargerð innkauparáðs frá 4. júlí 2019 \(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/1_innkauparad_0407.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/1_innkauparad_0407.pdf)

2. Lagðar fram fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 21. og 26. júní 2019. R19010028

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að sjá að unnið sé að því að leysa hluta af vandræðum á leið 5 vegna umferðartafa á háannatíma frá Nauthól að BSÍ. Stjórn strætó bs. leggur til að skipta leið 5 upp í tvær leiðir á virkum dögum frá og með haustinu 2019, leið 5 myndi þá aka hefðbundna leið úr Norðlingaholti/Árbæ en enda á BSÍ og ný leið, leið 8 myndi aka frá BSÍ að Nauthól. Þá óskar stjórn Strætó bs. jafnframt eftir því að rýnt verði með hagaðilum á svæðinu hvernig hægt sé að leysa umferðartafirnar til framtíðar með öðrum mótvægisáðgerðum. Fulltrúi Sósíalistasflokksins gerir sér grein fyrir því að þessar breytingar eru að öllum líkindum komnar fram vegna ábendinga farþega og vagnstjóra en leggur áherslu á mikilvægi þess að útfæra leiðakerfisbreytingar með notendum strætó, sérstaklega með þeim sem ferðast reglulega með þessum vagni. Þannig má tryggja að ekkert komi strætófarþegum á óvart og að tillagan sé útfærð sem best með þeim sem eiga í hlut. Tillagan var sett á vef Strætó en það væri jákvætt að sjá tillögur að breytingum gerðar sýnilegri áður en þær koma til framkvæmda, þannig að strætófarþegar geti bent á hvort eitthvað við tillöguna megi betur fara.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 3. lið fundargerðarinnar:

Undir lið 3 í fundargerð Strætó bs., dags. 21.6.2019, segir að stjórn hafi fundað með samstarfssveitarstjórnnum sem standa að Strætó og kynnt niðurstöður stefnumótunarvinnu. Áfram á að halda kynningum þar til öll sveitafélög hafa verið heimsótt. Borgarfulltrúa finnst þessi aðferð hljóti að vera æði tímafreg og dýr. Það blasir við að Strætó bs. verður að fara endurnýja og nútímavæða sig sem þjónustufyrirtæki til að það verði ekki úrelt ef tekið er mið af almenningssamgöngukerfi í borgum sem við berum okkur við. Það verður því að fara að spýta í lófana.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun við bókun áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fylgigögn

[Bréf umhverfis- og skipulagssviðs \(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/12_grar_dagur_-_vidbragdsaaetlun_vid_grunn_og_leikskola_a_hofudborgarsvaedi.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/12_grar_dagur_-_vidbragdsaaetlun_vid_grunn_og_leikskola_a_hofudborgarsvaedi.pdf)

11. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 4. júlí 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs, frá. 3. júlí 2019, á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Freyjubrunn 23, ásamt fylgiskjölum. R18030129
Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Miðflokkurinn hefur á fyrri stigum málsins bókað að afar óheppilegt sé, að téð umsókn um breytingu deiliskipulags og útgáfa nýs byggingaleyfis þar sem íbúðum er fjölgað úr 5 í 8 o.fl. sé yfirhöfuð tekin til meðferðar meðan mál vegna áður útgefins byggingaleyfis er til meðferðar hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Mögulega neikvæður úrskurður ÚUA yrði þannig marklaus. Ljóst er að mistök voru gerð við útgáfu byggingaleyfis á sínum tíma og á það var bent af íbúum. Mistök eru partur af lífinu, hvernig unnið er úr þeim skiptir öllu máli. Rétt viðbrögð hefðu verið að draga til baka áður útgefið byggingaleyfi, harma mistökina og láta gildandi deiliskipulag halda sér. Það var ekki gert. Þess í stað var farið í þá vegferð að breyta deiliskipulagi og athugasemdir íbúa þannig virtar að vettugi. Að teknu tilliti til forsögunnar leggst Miðflokkurinn alfarið gegn afgreiðslu málsins. Mistök borgarinnar eiga aldrei að vera á kostnað íbúa.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fylgigögn

[Bréf umhverfis- og skipulagssviðs \(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/11_freyjubrunnur_23_bref_og_gogn.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/11_freyjubrunnur_23_bref_og_gogn.pdf)

12. Lagt fram bréf. umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 4. júlí 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 3. júlí 2019 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Köllunarkletts vegna lóðar að Héðinsgötu 8, ásamt fylgiskjölum. R19010209
Samþykkt með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata, Vinstri grænna styðja eindregið uppbyggingu smáhýsa fyrir heimilislausa einstaklinga sem margir hverjir búa við fjölþættan vanda. Eins og fram kemur í umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar þá eru þetta úrræði sem geta skipt sköpum og aukið líkur á bata fyrir heimilislaustr fólk. Vegur þar þyngst virk nærþjónusta og nálægð við fjölbreytt meðferðarúrræði. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur þegar fundað með Draumasetrlnu varðandi fyrirhuguð smáhýsi og þá verður einnig haft samráð við Al-anon klúbbinn eins og kemur fram í kynningu frá forsvarsmönnum sviðsins. Mörg dæmi eru um það í borginni að heimili fólks með fjölþættan vanda séu í nálægð við úrræði fyrir fólk í bata og hefur það reynst vel.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Í NESTA NÁGRENI VÖÐ ÖKKUR ER AÐ
BJÖÐA HATTUNNI NEIM.

ÞAÐ ER VON VIN AÐ ÖNNUR STAÐSETNING
FINNIST FYRIR ÞONNAN DÝKUNATH VÖP
EINSTAKNINGA.

VIRÐINGARFYLLT
Sigr. Vindsson
KE. 070557-3559

	Reykjavíkurborg Skipulagsfulltrúi
Mótt.	11. MAR. 2019
	sign
Skjaln.	Abn.

Reykja LK 18-2-2019

 Reykjavíkurborg Skipulagsfulltrúi		
Mótt. 11. MAR. 2019		
signa		
Skjaln.	Umhverfis og Skipulagsvið	Áttm.

til Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Efni: Hédinsgata 8 Aeglysing um brætingu, deiliskipulagi Köllunarkleffs.

SD Hédinsgötu 10 ROK er ROK í fanga -

Hús fyrir fíkurjúklinga 40 manns sem eru að berjast fyrir lífi sínu. þá er alþekkt og móg um það skorfur, fíklar í bala fá fíkur í línu legu sambandi við Ömurleika nokkra fíkla, þess vegna bið ég um að

miðum setnum gömum fyrir ^{við} fíkla nærri stíki í nálögu við Okkur 's Hédinsgötu 10.

þá einfaldlega Ruggur Okkur bít allt af mikni

Gjendur Ólafsson
2707542879 / 8464889.

umgjornamatun Draumasekursins


Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur
Umhverfis- og skipulagssvið

Efni. Hédingsgötu 8. Auglýsing um
breytingu á eilískipulagi köllunakletts.

Eg undirtekt mótumli hér með
hugsanlegri staðsetningu á fimmm
gámahúsum að Hédingsgötu 8, fyrir
virta fíkla m/ert.ða félagslega
stöðu.

Eg er íbúi að Hédingsgötu 10 þar sem
rekið er áfangahúsið Draumasettið
en þar bium við 40 manns sem eru
að berast fyrir lífi okkar eftir mikla
neystu: við erum öll edru og erum að vinna
12 spora vinnu og byggja upp lit okkar að nýju
Það yðri mikil ógn við minn göngu eftir
hæryðna sett niður hús með virkum fíklum
við Draumasetrarins.


Eg vona að ykkar takist að finna
ötra staðsetningu fyrir þessum viðkvæma hóp
sem svomild þarnaast þjónustu og hjálpa

	Reykjavíkurborg Skipulagsfulltrúi
Mótt.	11. MAR. 2019
Stjulanr.	Ábn.

Viðingstíllist

Hæðna Þam

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.
Umhverfis- og skipulagssvið.

	Reykjavíkurborg Skipulagsfulltrúi
Mótt.	17. JAN. 2019
Skjalnúmer	

Efni: Hédinsgata 8

Með bréfi þessu vil ég Ásta Björg mótmaða
stöðsetningu „gámahúsa“ að Hédinsgötu 8 í
Reykjavík.

Eg bý á Draumasetrinu, Hédinsgötu 10 og þar
bíum við um 40 manns sem erum að berjast
fyrir lífi okkar eftir mikla neyslu ávanabindandi
tjefna.

Draumasetrið er mér afar dýrmætt og hefur
þjargt lífi mínu og allra sem hér búa.

Eg tel það að koma koma gámanna hér
að Hédinsgötu 8 ögni lífi okkar og bata

Að setja niður gáma hér fyrir virka fjölskyldur
sem hafa alskonar hlíðargreiningar í næsta
nágrenni við okkur sem erum á þeim stöð
sem við erum, er myndg ávörðungandi.

Það er erfitt fyrir okkur hér að standa gegn þessari
framkvæmd þar sem úmræði fyrir þennan hóp
þarfrest svo hér í Reykjavík.

Það er von mín að önnur stöðsetning fynnist
fyrir þessa dýrmtu einstaklinga.

Ásta Björg Jónsdóttir
240185-4079

Helena Stefánsdóttir

Frá: Arnar Þór Ólafsson <arnar@fraktlausnir.is>
Sent: 11. mars 2019 15:41
Til: USK Skipulag
Efni: A:hugasemd við skipulag


Göðan dag

Við hjá Fraktlausnum Hæðingsgötu 1-3 viljum gera athugasemd við þær fyrirætlanir Reykjavíkurborgar að taka bílastæði á Hæðingsgötu undir smáhýsi.

Í dag erum við í stöðugri baráttu við að komast að okkar fyrirtæki vegna fjölda bíla sem ekki fá stæði og er því lagt við götubrúnir á Hæðingsgötu og Köllunarklettsvegi.

Verði þessi stæði tekin er ljóst að okkar vandræði varðandi aðkomu mun versna til muna og er þetta ástand ekki boðlegt fyrir neinn núþegar

Með kveðju/best regards,



Arnar Þór Ólafsson
Gsm: +354 773-1630

Fraktlausnir ehf
Hæðingsgötu 1-3
105 Reykjavík
Sími: 5332211

www.facebook.com/fraktlausnir

www.fraktlausnir.is

Sent úr Samsung Galaxy snjallsímanum mínum.

Reykjavík 5 mars. 2019

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur. Umhverfis- og skipulagssvið.

Efni: Héðinsgata 8. Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Köllunarkletts.

Undirritaður eigandi Héðinsgötu 10 og rekstraraðilar að áfangaheimilinu Draumasetrið sem rekið er af Líknarfélaginu Spörvar, viljum koma á framfæri eftirfarandi.

Síðastliðin 6 ár hefur Spörvar rekið áfangaheimili að Héðinsgötu 10 með samþykki borgarráðs og skipulagsyfirvalda Reykjavíkur. Einnig með leyfi Faxaflóahafna sem er eigandi lóðarinnar að Héðinsgötu 10. Í húsinu eru 42 einstaklingsherbergi auk annarar aðstöðu sem nauðsýnleg er fyrir slíkan rekstur. Íbúar hússins er allt fólk sem er í bataferli eftir að hafa verið í neyslu áfengis og fíkniefna. Flestir koma frá meðferðastöfnunum eins og SÁÁ, Hlaðgerðarkoti, Krisuvík eða fangelsum. Allt er gert til að íbúum líði sem best, með miklu aðhaldi, stöngum reglum, fundum og hjálp til að komast aftur til betra lífs. Allar kannanir staðfesta að ekkert áfangaheimili hefur skilað jafngóðum árangri og Draumsetrið.

Þessi tillaga um að staðsetja smáhýsi fyrir skjólstæðinga Velferðasviðs Reykjavíkur á lóð sem liggur að lóð Draumasetursins verður til þess að skaða það góða starf sem þar er unnið. Það segir sig sjálft að nábyli fólks sem er í mikilli neyslu við fólk sem er hætt neyslu gengur ekki. Í samfélagi þessa fólks sem kemur úr sama farvegi þekkt fólk vel, þannig að ekki er gott að blanda þessum hóp saman sem óhjákvæmilegast gerist í slíku návígi. Viljum við mótmæla harðlega þessari hugmynd um breytingar á deiliskipulagi.

Í þau 6 ár sem Spörvar líknarfélag hefur nú rekið áfangaheimilið, án allra styrkja frá borg eða ríki, hefur það sparað þjóðinni tug milljóna með sínu framlagi. Aðsóknin að þessu búsetuúræði er slík að 40 – 50 manns eru á biðlista allt árið. Biðtími eftir plássi eru 3 – 5 mánuðir. Eftir að auglýsing um þetta birtist, þá funduðum við með okkar skjólstæðingum í Draumasetrinu. Það var vægast sagt mjög þungt hljóð í okkar fólk sem sagði þetta enganveginn samrýmast þeirra bataferli og óttaðist að þetta hefði slæm áhrif á íbúana.

Ef þessi tillaga raungerist er ljóst að áfangaheimilinu verður að loka þar sem þetta sambýli kemur ekki til með að ganga. Það getur engan veginn talist góð ráðstöfun að fórna 42 íbúum Draumasetursins fyrir 5 íbúa í smáhýsum nánast innan sömu lóðar.

Öllum er ljóst að það þarf að koma þessum smáhýsum fyrir á þeim stað sem best hentar, en það er ekki á þessum stað.

Virðingarfyllst. Fh. Héðinsgötu 10 ehf.



Örn Helgason. Kt. 200248-4739

Langagerði 120. 108 Reykjavík.



Reykjavík 2. janúar 2019


Umsögn vegna smáhýsa við Vesturhöfn og við Barnhól

Óskað hefur verið eftir umsögn Faxaflóahafna um tvær tillögur að staðsetningum fyrir smáhýsi á eignarlandi Faxaflóahafna. Tillagan var unnin án vitneskju eða aðkomu Faxaflóahafna, sem er andstætt því verklagi sem gilt hefur á eignarlandi hafnarinnar m.a. með vísun til 5. greinar hafnalaga.

Fyrirliggjandi eru tvær tillögur að lóðum fyrir smáhýsi. Önnur þeirra sýnir smáhýsi staðsett á milli Endurvinnslustöðvar Sorpu og Ellingsen og hin sýnir smáhýsi staðsett þar sem nú eru bílastæði við Barnhól við Héðinsgötu.

Tillaga 1, við Fiskislóð 1

Í deiliskipulagstillögunni sem liggur fyrir hefur verið skilgreind 660 fermetra lóð, Fiskislóð 1A, á grænu svæði milli endurvinnslustöðvar Sorpu og Fiskislóð 1. Á lóðinni er gert ráð fyrir allt að fimm smáhýsum sem eru allt að 30 fermetrar að stærð.



Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur er svæðið skilgreint sem Hafnarsvæði (H2). Þar er einkum gert ráð fyrir starfsemi sem fellur undir skilgreiningar fyrir hafnarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð, auk þess sem starfsemi athafna- og iðnaðarsvæða getur verið heimil. Þar segir einnig að íbúðir, hótél og gististaðir eru ekki almennt heimil á hafnarsvæðum nema það sé sérstaklega tilgreint í sérákvæðum fyrir viðkomandi hafnarsvæði. Gististaðir í flokki II og III, sem eru gististaðir með eða án veitinga en ekki áfengisveitingum, geta verið heimilir sbr. ákvæði í deiliskipulagi.



Lofmynd af svæðinu.

Í deiliskipulagi Vesturhafnar, sem tók gildi 27. janúar 2016, er svæðið skilgreint sem grænt svæði. Svæðið er í dag nýtt sem bílastæði. Í deiliskipulagi svæðisins segir:

„Samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar verða gistihelminn ekki heimill á skipulagsvæðinu.“

Svæðið hefur undanfarin ár verið nýtt sem bílastæði og gengið var frá yfirborði í samstarfi við lóðarhafa við Fiskislóð 1.

Við Fiskislóð 1 er rekin verslun Ellingsen, lyfjaverslun, gæludýrabúð, sjúkraþjálfun og dansskóli fyrir börn. Inngangur inn í bæði lyfjaverslunina og í gæludýrabúðina er beint á móti bílastæðunum þar sem gerð er tillaga að smáhýsum. Vestan megin við svæðið er endurvinnslustöð Sorpu og útkeyrsla frá stöðinni.


Niðurstaða:

Lagst er gegn staðsetningunni. Ekki er talið heppilegt að staðsetja smáhýsi á þessum stað. Svæðið er í mikilli nálægð við verslanir, dansskóla fyrir börn og aðra þjónustu. Svæðið hefur verið nýtt sem bílastæði fyrir Ellingsen samkvæmt samkomulagi.

Mun heppilegri staðsetning væri ef hluti af Fiskislóðar 37c sem hefur nú þegar verið úthlutað til Reykjavíkurborgar, væri stúkuð af fyrir smáhýsin – ef ákvæði aðalskipulags standa ekki í vegi fyrir breytingu á deiliskipulagi. Verði það gert þarf að eiga samráð við lóðarhafa nærliggjandi lóða og kynna fyrir þeim áformin með viðunandi hætti. Ljóst er að íbúðir eru ekki heimilar á svæðinu og minnt er á ákvæði gildandi deiliskipulags um að gististaðir verði ekki heimilaðir á svæðinu.

Tillaga 2, við Barnhól (Héðinsgötu)

Í deiliskipulagstillögunni sem liggur fyrir hefur verið skilgreind 806 fermetra lóð, Héðinsgata 8, á bílastæði við Barnhól. Á lóðinni er gert ráð fyrir allt að fimm smáhýsum sem eru allt að 30 fermetrar að stærð.



Loftmynd af svæðinu.

Svæðið er innan þróunarreits sem ber heitið þ47 Köllunarklettur og er skilgreindur sem Miðsvæði (M18) í Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Skilgreining miðsvæðis í Aðalskipulagi Reykjavíkur:

„Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótel, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis. (gr. 6.2.b. í skipulagsreglugerð).“

Áður var gert ráð fyrir 200 íbúðum á svæðinu en það var fellt út með aðalskipulagsbreytingu sem var staðfest af skipulagsstofnun þann 15. ágúst 2017.

Breytingartillagan bar heitið: Íbúðarbyggð og blönduð byggð 2010-2030. Mynd 13, í kaflanum Borgin við Sundin. Breyttar heimildir um fjölda íbúða. Þar segir:

„Köllunarklettur (reitur 29). Lagt er til að ekki verði heimilt að byggja íbúðir á umræddu svæði (miðsvæði M18), þar sem reiturinn er aðskilinn frá nærliggjandi íbúðarbyggð með stofnbrautum, og stendur nálægt lóðum þar sem iðnaðarstarfsemi er heimil. Reitur 29 verður því felldur út sem byggingarreitur fyrir íbúðarbyggð, af mynd 13, en heimildir um magn 9 atvinnuhúsnæðis á svæðinu verða auknar samsvarandi...“

Undanfarið hefur verið unnið að forsoðgn og verklýsingu vegna deiliskipulagsbreytingar á þ47 Köllunarkletti sem er um 10 hektarar að stærð. Til stóð að vinnu við verklýsinguna væri lokið um miðjan

mars árið 2016 en sú vinna hefur tafist nokkuð en er þó á lokametrunum. Gera má ráð fyrir að deiliskipulagsvinna hefjist þegar verklýsingin liggur fyrir og að uppbygging geti hafist í kjölfarið. Nokkuð rask verður af uppbyggingunni, þar sem gert er ráð fyrir niðurrifi bygginga en heimild í Aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir byggingu um 85 þúsund fermetra.

Niðurstaða:

Ekki er lagst gegn staðsetningunni og breytingu á deiliskipulagi ef ákvæði aðalskipulags standa ekki þar í vegi. Ekki er talið heppilegt að stofna sérstaka lóð fyrir smáhýsin þar sem þau eiga aðeins að vera til bráðabirgða. Lagt er til að Faxaflóahafnir og Reykjavíkurborg geri með sér samning um skammtímaleigu í afmarkaðan tíma. Ljóst er samkvæmt aðalskipulagi að íbúðir eru ekki heimilar á svæðinu. Eiga þarf samráð við lóðarhafa nærliggjandi lóða og kynna fyrir þeim áformin með viðunandi hætti.


Hildur Gunnlaugsdóttir, skipulagsfulltrúi Faxaflóahafna sf.

Reykjavíkurborg - Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12 - 14
105 Reykjavík

19. júní 2019
MÍ201905-0028/ 6.09 / G.G.G.

**Efni: Köllunarklettur Reykjavík - breyting á deiliskipulagi
Reykjavíkurborgar**

Með tölvupósti þann 30.4.2019 óskaði Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri hjá skipulagsfulltrúa eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurborgar - Köllunarklettur, frá árinu 2000. Breyting felst í því að afmörkuð er lóð fyrir 5 smáhýsi þar sem nú er bílastæði á lóðinni Héðinsgötu 8.

Minjastofnun Íslands hefur borist skráning Borgarsögusafns Reykjavíkur *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata – Köllunarklettsvegur – Sundagarðar – Sæbraut. Fornleifaskrá og húsakönnun (skýrsla 193/2018)*, sem fullnægir kröfum um skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja vegna deiliskipulags samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í 2. gr. sömu laga er kveðið á um að til fornleifa teljast hvers kyns mannvistarleifar sem eru 100 ára og í 21. gr. kemur farm að leyfi Minjastofnunar til að raska fornleifum.

Á deiliskipulagssvæðinu eru skráðar fornleifar á Barnhóli og er væntanleg lóð fyrir smáhýsi á bílastæði í vesturjaðri hans. Þar er enn fremur að finna herminjar. Á deiliskipulagsupprætti er afmörkuð lóð fyrir smáhýsin en ekki kemur fram nákvæm staðsetning þeirra innan lóðar. Minjastofnun óskar eftir að fá aðalupprætti til umsagnar þegar þeir liggja fyrir og mun þá ákveða hvort gerð verður krafa um fornleifaftirlit vegna framkvæmda. Það mun verða gert ef framkvæmd krefst jarðrasks, hvort sem er við að gera undirstöður undir húsin eða lagnir að þeim.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef forminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Guðný Gerður
Gunnarsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrr.
gudneygerdur@minjastofnun.is

Virðingarfyllst,



Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Afrit sent:
Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:
Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík (skipulag@reykjavik.is)
Solveig Sigurðardóttir (solveig.sigurdardottir@reykjavik.is)
Byggingarfulltrúinn í Reykjavík (byggingarfulltrui@reykjavik.is)
Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)
Anna Lísa Guðmundsdóttir (anna.lisa.gudmundsdottir@reykjavik.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.




Héðinsgata 8 – Athugasemdir og svör

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Köllunarkletts til að koma fyrir 1-5 ca. 30m² smáhýsum fyrir skjólstæðinga Velferðarsviðs Reykjavíkur /Félagsbústaða.

Tillagan gerir ráð fyrir nýrri lóð Héðinsgata 8 fyrir smáhýsin, á núverandi bílastæði, samkvæmt uppd. Teiknistofunnar Stiku ehf. dags. 12. desember 2018 (auglýst tillaga) og síðast breytt 23. júní 2019 (lagfærð tillaga). Einnig er lögð fram umsögn Faxaflóahafna sf. dags. 2. janúar 2019 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. júní 2019.

Tillagan var auglýst frá 28. janúar 2019 til og með 11. mars 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir:

1. Örn Helgason f.h. Héðinsgötu 10 ehf. dags. 5. mars 2019,
2. Kristján Sveinlaugsson f h. Þingvangs dags. 11. mars 2019,
3. Arnar Þór Ólafsson dags. 11. mars 2019,
4. Stella Guðrún Arnarsdóttir mótt. 11. mars 2019,
5. Ólafur H. Ólafsson f.h. Spörvar Líknarfélag Reykjavíkur mótt. 11. mars 2019,
6. Aron Örn Jakobsson mótt. 11. mars 2019,
7. Kristinn A. Kristinsson mótt. 11. mars 2019,
8. Haraldur Guðnason mótt. 11. mars 2019,
9. Karítas Ósk Þorsteinsdóttir f.h. Alanó Klúbbinn mótt. 11. mars 2019,
10. Ólafur Þórir Guðjónsson mótt. 11. mars 2019,
11. Sigurður Ólafsson mótt. 11. mars 2019,
12. Sigurður Konráðsson mótt. 11. mars 2019,
13. Hrefna Rán mótt. 11. mars 2019,
14. Sigurður Þór Þórsson mótt. 11. mars 2019 og
15. Ásta Björg Jörundar mótt. 11. mars 2019.





Hér á eftir verður athugasemdum svarað eftir efnisflokkum en þeir eru:

1. Fyrirhuguð starfsemi
2. Skipulagsáætlanir á svæðinu
3. Bílastæðamál

1. Athugasemdir vegna starfseminnar

Eigandi Héðinsgötu 10 og rekstraraðilar að Draumasetrinu sem rekið er af Líknarfélaginu Spörvar mótmæla tillögnum harðlega. Síðastliðin 6 ár hafi Spörvar rekið Draumasetrið að Héðinsgötu 10 með samþykki borgarráðs og skipulagsyfirvalda Reykjavíkur. Í húsinu búi um 40 einstaklingar. Staðsetning smáhýsa fyrir skjólstæðinga velferðarsviðs Reykjavíkur á lóð sem liggur að lóð Draumasetursins verði til þess að skaða það góða starf sem þar er unnið. Á sama tíma sé erfitt að standa í vegi fyrir úrræði fyrir þennan hóp.

Eftirtaldir tíu íbúar Draumaseturs sendu inn athugasemdir: Stella Guðrún Arnarsdóttir, Aron Örn Jakobsson, Kristinn A. Kristínsson, Haraldur Guðnason, Ólafur Þórir Guðjónsson, Sigurður Ólafsson, Sigurður Konráðsson, Hrefna Rán, Sigurður Þór Þórsson og Ásta Björg Jörundar.

Íbúar telja fyrirhugaða staðsetningu smáhýsa fyrir skjólstæðinga velferðarsviðs í næsta nágrenni við Draumasetrið mikla ógn við þá starfsemi sem þar fer fram. Úrræðið bjóði hættunni heim en þeir voni að það takist að finna aðra staðsetningu fyrir þennan hóp fólks.

Karítas Ósk Þorsteinsdóttir, f.h. Alanó Klúbbsins, mótmælir einnig fyrirhugaðri staðsetningu smáhýsanna þar sem rekið er líknarfélag að Héðirsgötu 1-3 og 250-500 manns gangi um húsið daglega. Staðsetningin myndi hafa slæm áhrif á þá starfsemi sem þar fer fram. Á sama tíma sé erfitt að standa í vegi fyrir úrræði fyrir þessa skjólstæðinga velferðarsviðs.

Kristján Sveinlaugsson f.h. Þingvangs gerir einnig athugasemd við staðsetningu smáhýsa fyrir skjólstæðinga velferðarsviðs svo nálægt bæði starfsemi Draumasetursins og Alanóklúbbsins.

SVAR:

Skipulagsfulltrúi óskaði eftir umsögr frá velferðarsviði Reykjavíkur (VEL) um málið. Svar frá skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála barst þann 4.4.2019 og fylgir þessu erindi en þar segir m.a. um nálægð smáhýsa við Draumasetrið og Alanóklúbbinn:

Einstaklingar sem eru heimilslausir með fjölþættan vanda eru í þeirri stöðu að þó þeir komist í afvötnun og/eða á áfangaheimili þá eru þeir ekki með tryggja búsetu í kjölfarið. Það veldur mikilli óvissu og vonleysi. Því er gríðarlega mikilvægt að geta boðið upp á tímabundið húsnæði fyrir heimilslausa einstaklinga með fjölþættan vanda þar sem þeir fá virka nærþjónustu. Slíkt húsnæði getur þá virkað sem brú yfir í langtímabúsetuúrræði. Nálægðin við fundi getur skipt sköpum fyrir þá einstaklinga og aukið líkur á bata til muna.

Velferðarsvið rekur í dag sambýli fyrir einstaklinga með geð og fíknivanda við hlið áfangaheimils og hefur sú ráðstöfun gengið vel og ekki verið truflandi fyrir íbúa í áfangaheimilinu.

Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri öldrunar- og húsnæðismála velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Hrafnhildur Ólöf Ólafsdóttir, deildarstjóri þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hliðar



Velferðarsvið borgarinnar lýsir þannig góðri reynslu af svipuðu fyrirkomulagi og í ljósi þess gerir skipulagsfulltrúi ekki athugasemd við staðsetningu smáhýsa í nálægð við þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu.

2. Athugasemdir vegna skipulagsáætlana á svæðinu

Kristján Sveinlaugsson f.h. Þingvangs mótmælir því að ein lóð á svæðinu sé tekin út fyrir rammann og skipulögð á meðan stendur yfir vinna við endurskoðun á skipulagi svæðisins í heild sinni. Þingvangur, Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir hafi unnið saman að mállnu undanfarin misseri og vinna við forsoðgn og verklýsingu vegna deiliskipulagsbreytinga á Köllunarkletti sé á lokametrunum. Það hafi komið skýrt fram hjá Reykjavíkurborg og Faxaflóahöfnum að breyting á deiliskipulagi skuli unnin í samráði við hagsmunaaðila og að skipulagsvinna þurfi að fara fram í góðri sátt við aðliggjandi og fyrirhugaða lóðarhafa. Farið sé gegn þessari aðferðafræði með smáhýsatillögum. Engar umræður um áfangaskiptingu hafi átt sér stað.

Í aðalskipulagsbreytingu frá ágúst 2017 („Breyttar heimildir um fjölgun íbúða“) hafi heimildir til að byggja íbúðir á svæði Köllunarkletts verið felldar niður og gert ráð fyrir að svæðið verði atvinnusvæði. Það sé því ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag að setja fasta búsetu fyrir skjólstæðinga velferðarsviðs borgarinnar á litla lóð á svæðinu til frambúðar. Sé ætlunin að heimila búsetu á svæðinu sé óskað eftir því að allt svæði Þingvangs verði tekið með í deiliskipulagið sem búsetuúrræði fyrir viðskiptavinum.

Ekki fái st heldur betur séð en að smáhýsin eigi að koma beint ofan í einu fornleifarnar á svæðinu.

SVAR:

Reiturinn er á miðsvæði M18 og svæðið er einnig skilgreint sem þéttingarsvæði þ47.

Rétt er að vinna við endurskoðun á skipulagi og uppbyggingu svæðisins hefur staðið yfir undanfarin misseri og í aðalskipulagsbreytingu frá ágúst 2017 voru heimildir til að byggja íbúðir á svæði Köllunarkletts felldar niður þar sem þróa á svæðið sem atvinnusvæði.

Umhverfis- og skipulagssvið hefur haft samráð við Faxaflóahafnir um staðsetningu smáhýsanna og í umsögn Faxaflóahafna dags. 2.1.2019 er ekki lagst gegn þeirri staðsetningu sem lögð er til (og tilheyrandi breytingu á gildandi skipulagi) ef ákvæði að skipulags standa ekki þar í vegi. Einnig er tekið fram að eiga þurfi samráð við lóðarhafa nærliggjandi lóða og kynna fyrir þeim áformin með viðunandi hætti.

Með því að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu vegna smáhýsa á nýrri lóð (Héðinsgötu 8) er hagsmunaaðilum einmitt gert kleift að kynna sér tillöguna og koma með athugasemdir.

Það skal tekið fram að **ekki er um hefðbundna búsetu að ræða** heldur tímabundið neyðarúrræði fyrir skjólstæðinga velferðarsviðs. Brýn nauðsyn er á að finna þessum einstaklingum þak yfir höfuðið.

Tillagan telst því ekki fara í bága við landnotkunarákvæði gildandi aðalskipulags. Þess má geta að úrræði sem þessu er best komið fyrir í blandaðri borgarbyggð og atvinnusvæðum en síður á hreinum íbúðarsvæðum.

Tímabundin staðsetning smáhýsa að Héðinsgötu 8 hefur ekki áhrif á þá skipulagsvinna sem stendur yfir fyrir svæðið. Ekki stendur til að endurskoða ákvæði aðalskipulagsins um landnotkun á reitnum til að heimila hefðbundna búsetu.

Fornleifar eru við Barnhól (græna svæðið austan við Héðinsgötu 8/núverandi bílastæði) og óskaði skipulagsfulltrúi eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um erindið vegna þessa. Umsögn Minjastofnunar (dags. 19.6.2019) liggur nú fyrir en þar kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Á deiliskipulagssvæðinu eru skróðar fornleifar á Barnhóli og er ný lóð fyrir smáhýsi á bílastæði í vesturjaðri hans. Þar er enn fremur að finna herminjar. Þegar aðaluppdrættir liggja fyrir skal leita umsagnar Minjastofnunar sem ákveður hvort gerð verður krafa um fornleifæftirlit vegna framkvæmda. Það mun verða gert ef framkvæmd krefst jarðrasks, hvort sem er við að gera undirstöður undir húsinn eða lagnir að þeim.“



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Framangreindum texta hefur verið bætt við skilmála á lagfærðum uppdrætti Teiknistofunnar Stiku ehf. dags. 12.12.2018 og síðast breytt 23.6.2019.

3. Athugasemdir vegna bílastæðamála

Arnar Þór Ólafsson, f.h. Fraktlausna að Héðinsgötu 1-3, gerir athugasemd við áformin um að taka bílastæði undir smáhýsi. Ástandið sé ekki boðlegt nú þegar þar sem mikill skortur er á bílastæðum. Víða sé lagt við götubrúnir og aðkoma því erfið. Fækkun stæða auki einungis vandann.

Karítas Ósk Þorsteinsdóttir, f.h. Alanó Klúbbsins, telur einnig að alvarlegur bílastæðavandi komi upp verði stæðunum að Héðinsgötu 8 lokað.

SVAR:

Fækkun bílastæða á borgarlandi á þessum tiltekna stað telst ekki hafa veruleg áhrif á bílastæðafyrirkomulag í hverfinu enda er gert ráð fyrir að bílastæðamál séu leyst innan hvernar lóðar (sbr. bílastæðakröfur í gildandi deiliskipulagi).

Niðurstaða

Í kjölfar auglýsingar hefur uppdráttur verið lagfærður og bætt við hann skilmálum vegna fornleifa við Barnhól (sbr. framangreinda). Að öðru leyti er tillagan óbreytt.


Lagt er til að tillagan verði samþykkt eins og hún kemur fyrir á uppdrætti Teiknistofunnar Stiku ehf. dags. 12.12.2018 og síðast breytt 23.6.2019.

F.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir
arkitekt / verkefnastjóri




BREYTING Á DEILSKIPULAGI REYKJAVÍKURHAFNAR, KÖLLUNARKLETTUR, VEGNA SMÁHÝSA



GILDANDI DEILSKIPULAG 1:2000 samþykkt í borgarstjórn 26. október 1999

GREINARGÆRÐ
 AFDÖMUN DEILSKIPULAGSBREYTINGAR vegna smáhýsa af höfðskóku í Vesturbæ Reykjavíkur. 28. október 1999.
ADALSKIPULAG
 Ein af þremur lögregluáfangum í Vesturbæ Reykjavíkur (AR 2000) er hannað fyrir hús, loftsmannum höfðsgærdi 10 (nær nr 4 á gjaldinni uppammi) í norður- og suðurhluta stadsins.
DEILSKIPULAG
 Tilgangur þess er að byggja íbúðir og stöðvaþing og hannað fyrir hús. Ráðgjafi er 3 svæðisráðgjafi (AR 2000) Erindandi kemur fram um meðvæði og samþykkingu þess í höfðskóku og hús. Þá er ráðgjafi einn og hús einn. Ráðgjafi er 3 svæðisráðgjafi (AR 2000) Erindandi kemur fram um meðvæði og samþykkingu þess í höfðskóku og hús. Þá er ráðgjafi einn og hús einn. Ráðgjafi er 3 svæðisráðgjafi (AR 2000) Erindandi kemur fram um meðvæði og samþykkingu þess í höfðskóku og hús. Þá er ráðgjafi einn og hús einn.



DEILSKIPULAGSBREYTING 1:2000


LÖGMÁLAÁ
 AFDÖMUN DEILSKIPULAGSBREYTINGAR vegna smáhýsa af höfðskóku í Vesturbæ Reykjavíkur. 28. október 1999.
ADALSKIPULAG
 Ein af þremur lögregluáfangum í Vesturbæ Reykjavíkur (AR 2000) er hannað fyrir hús, loftsmannum höfðsgærdi 10 (nær nr 4 á gjaldinni uppammi) í norður- og suðurhluta stadsins.
DEILSKIPULAG
 Tilgangur þess er að byggja íbúðir og stöðvaþing og hannað fyrir hús. Ráðgjafi er 3 svæðisráðgjafi (AR 2000) Erindandi kemur fram um meðvæði og samþykkingu þess í höfðskóku og hús. Þá er ráðgjafi einn og hús einn. Ráðgjafi er 3 svæðisráðgjafi (AR 2000) Erindandi kemur fram um meðvæði og samþykkingu þess í höfðskóku og hús. Þá er ráðgjafi einn og hús einn.




KÖLLUNARKLETTUR 1:1000



KÖLLUNARKLETTUR 1:1000



KÖLLUNARKLETTUR 1:1000



KÖLLUNARKLETTUR 1:1000

KÖLLUNARKLETTUR 1:1000

KÖLLUNARKLETTUR 1:1000

KÖLLUNARKLETTUR 1:1000

SKYRINGAR:
 --- Mörk deiliskipulagsþýningar
 --- Líkamandi nýir löðir
 --- Byggingarferir
 --- Aðnema stærð linn á lín
 --- Smáhýsi
 --- Gæðing
 --- Gróður
 --- Tré við götu

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samráði og ákveðið 1. mrg. 43. g. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í þann _____ 20__ og í þann _____ 20__.

Tilgagn var auglýst frá _____ 20__ með atgudsmaðfrestni til _____ 20__.


Auglýsing um gjaldsköðu breytinganna var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Eva Halli Friðrik-Selvíttur arkitekt
 k.300376-4619
 evahall@stikka.is
 Magna Þ. Guðmundsdóttir arkitekt
 k.170378-3779
 maagnaveitika.is


Tekniátvöðun Silka ehf
 Eftirfjárta 18, 101 Reykjavík
 s.886584, 8665990

KÖLLUNARKLETTUR, NÝ JÓÐ FYR SMÁHÝSI
 Breyting á deiliskipulagi

Mynd: LA2
 1:2000/1:1000/1:1000
 Tekn: EHF/AMH4
 Daga: 12. desember 2018
 RVK_KV_D_18_001 Útgáfa: 2 (breytingarlaga 23.6.19)



KÖLLUNARKLETTUR 1:1000



KÖLLUNARKLETTUR 1:1000



KÖLLUNARKLETTUR 1:1000



KÖLLUNARKLETTUR 1:1000




KÖLLUNARKLETTUR 1:1000




KÖLLUNARKLETTUR 1:1000



KÖLLUNARKLETTUR 1:1000



KÖLLUNARKLETTUR 1:1000



KÖLLUNARKLETTUR 1:1000

A deiliskipulagsbreyting er gæðingur framfarir á höfðskóku í Vesturbæ Reykjavíkur. Þessi breyting felur í sér byggingu smáhýsa af höfðskóku í Vesturbæ Reykjavíkur. Þessi breyting felur í sér byggingu smáhýsa af höfðskóku í Vesturbæ Reykjavíkur. Þessi breyting felur í sér byggingu smáhýsa af höfðskóku í Vesturbæ Reykjavíkur.

7.

VERKBEIÐNI – UMBOÐ

Fyrir hönd Þingvangs ehf., kt. 671106-0750, fer undirritaður, Pálmar Harðarson, kt. 030571-3129, stjórnarformaður félagsins, þess á leit við Friðbjörn E. Garðarsson lögmann hjá AX lögmannsstofu slf., að félaginu verði veitt öll nauðsynleg lögfræðileg þjónusta að mati lögmannna stofunnar vegna samþykktar skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar, sem gerð var á 42. fundi ráðsins, þann 3. júlí 2019, þess efnis að samþykkja tillögu umhverfis- og skipulagssviðs um breytingu á deiliskipulagi Köllunarkletts. Ákvörðunin var staðfest á fundi Borgarráðs, þann 18. júlí 2019.

Lögmönnum AX lögmannsþjónustu er falið að kæra ákvörðunina til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, en umboðið tekur m.a. til samskipta við opinbera aðila og fjármálastofnanir, þ.m.t. sýslumenn, sveitarfélög, dómstóla, fjármálastofnanir, tryggingarfélög o.fl. Í umboði þessu felst jafnframt heimild til að kalla eftir öllum gögnum er kunna að varða málið, undirrita samninga og/eða höfða mál fyrir dómstólum, gerist þess þörf og eftir atvikum taka við greiðslum auk annarra aðgerða sem gætu reynst nauðsynlegar vegna málsins að mati lögmannna stofunnar. Allt sem lögmennt mínir gera er sem ég hefði það sjálfur gert fyrir félagsins hönd.

Reykjavík, 1. ágúst 2019



Pálmar Harðarson

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Nafn og kt.

 100581-4939

 141265-4829

Nafn og kt.

8.

Skjal A
Móttakið til þinglýsingar
12. FEB. 2018

001278

AFSAL

Hömlur ehf. kt. 630109-0940 selja og afsala Þingvangi ehf. kt. 671106-0750 eftirtalda eignarluta seljanda í þessum fasteignum í Reykjavík ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarréttindum:

Héðinsgata 1:

Fastanúmer: 201-5836. Notkun: Bygg. A - Vörugeymsla. Fasteignamat: 857.750.000.

Kvaðir og önnur eignarbönd: Leigusamningur sjá skjal nr. 411-T-005621/2011.

INNFÆRT
27. FEB. 2018

Héðinsgata 2:

Fastanúmer: 201-5852. Notkun: Vörugeymsla. Fasteignamat: 409.050.000.

Kvaðir og önnur eignarbönd:

Björn Rasmussen


Lóðarleigusamningur	411-P-33078	22/11/1976
Eignaskiptayfirlýsing	411-A-027381/1996	
Eignaskiptayfirlýsing	411-A-027383/1996	
Eignaskiptayfirlýsing	411-A-027382/1996	
Eignaskiptayfirlýsing	411-B-023999/1996	

Fastanúmer: 201-5853. Notkun: Iðnaðarhús. Fasteignamat: 389.800.000.

Kvaðir og önnur eignarbönd:

Lóðarleigusamningur	411-P-33078	22/11/1976
Eignaskiptayfirlýsing	411-A-027381/1996	
Eignaskiptayfirlýsing	411-A-027383/1996	
Eignaskiptayfirlýsing	411-A-027382/1996	
Eignaskiptayfirlýsing	411-B-023999/1996	

Fastanúmer: 201-5854. Notkun: Vörugeymsla. Fasteignamat: 249.750.000.

Kvaðir og önnur eignarbönd:

Lóðarleigusamningur	411-P-33078	22/11/1976
Eignaskiptayfirlýsing	411-A-027381/1996	
Eignaskiptayfirlýsing	411-A-027383/1996	
Eignaskiptayfirlýsing	411-A-027382/1996	
Eignaskiptayfirlýsing	411-B-023999/1996	

Fastanúmer: 201-5860. Notkun: Vörugeymsla. Fasteignamat: 308.100.000.

Kvaðir og önnur eignarbönd:

Lóðarleigusamningur	411-P-33078	22/11/1976
Eignaskiptayfirlýsing	411-A-027381/1996	
Eignaskiptayfirlýsing	411-A-027383/1996	
Eignaskiptayfirlýsing	411-A-027382/1996	
Eignaskiptayfirlýsing	411-B-023999/1996	

48.752.000

Köllunarklettsvegur 3:

Fastanúmer: 201-5875. Notkun: Vörugeymsla. Fasteignamat: 326.350.000.

Kvaðir og önnur eignarbönd: Lóðarleigusamningur sjá skjal nr. 411-X-38325.

Fasteignamat samtals nú kr. 3.047.000.000.

Eignirnar voru afhentar kaupanda þann 31. mars 2016.

Kaupandi hirðir arð eignanna frá afhendingardegi og greiðir jafnframt af þeim skatta og skyldur frá sama tíma.

Umsamið kaupverð er að fullu greitt. Eignirnar eru seldar veðbandalausar af hálfu seljanda.

Skuldir sem á hinu selda hvíla eru skuldir sem kaupandi hefur stofnað til og seljanda óviðkomandi.

Þær sem hvíla á ofangreindum fastanúmerum eru:

1 Landsbankinn hf.	1.440.000.000,00 ISK	23/03/2016	08/04/2016	441-C-003816/2016	Tryggingarbréf
2 Landsbankinn hf.	75.000.000,00 ISK	21/09/2016	10/10/2016	441-D-011066/2016	Tryggingarbréf
3 Landsbankinn hf.	75.100.000,00 ISK	03/11/2016	09/11/2016	441-D-012726/2016	Tryggingarbréf

Veðbókarvottorð liggja frammi við afsalsgerð þessa og hefur kaupandi kynnt sér þau.

Uppgjör vegna opinberra gjalda hefur farið fram milli aðila miðað við afhendingardag.

Rísi mál út af afsali þessu má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Til staðfestu ofanskráðu rita aðilar nöfn sín hér undir í viðurvist votta.


Afsal þetta er vegna kaupsamnings dags. 31. mars 2016, þar sem seljandi var Laugarnesbyggð ehf. kt.470802-2270 og kaupandi Þingvangur ehf. kt. 671106-0750, en kaupsamningi þessum var ekki þinglýst. Hömlur ehf. yfirtóku Laugarnesbyggð ehf. sbr. samrunaáætlun dags. 9. maí 2016.

Hömlur ehf. Reykjavík, 7. febrúar 2018
Kt. 630109-0940

pr. pr.: Hömlur ehf.


Hermann Hermannsson
Kt. 110269-5289

pr. pr.: Þingvangur ehf.



Vottur að rétttri dags.,
undirskrift og fjárræði:


Guðmundur Sigurjónsson
lögfr. og löggilt. fasteignasali
kt. 22947-4379



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Reykjavík 28. október 2019.

Efni: Greinargerð Reykjavíkurborgar í málinu nr. 79/2019, kæra Þingvangs ehf., Bergstaðastræti 73, Reykjavík, dags. 15. ágúst 2019 þar sem kærð er samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 3. júlí 2019 á breytingu á deiliskipulagi Köllunarkletts.

Með tölvupósti dags. 16. ágúst sl. sendi úrskurðarnefndin Reykjavíkurborg ofangreinda kæru. Í greinargerð þessari er viðhorfum Reykjavíkurborgar lýst til kærunnar.

Málavextir

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 3. júlí 2019 var að lokinni auglýsing tekin fyrir tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Köllunarkletts til að koma fyrir 1-5 ca. 30m² smáhýsum fyrir skjólstæðinga Velferðarsviðs Reykjavíkur /Félagsbústaða. Tillagan gerir ráð fyrir nýrri lóð Héðinsgata 8 fyrir smáhýsin, á núverandi bílastæði á borgarlandi, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Stiku ehf. dags. 12. desember 2018, breytt 23. júní 2019. Einnig er lögð fram umsögn Faxaflóahafna sf. dags. 2. janúar 2019. Tillagan var auglýst frá 28. janúar 2019 til og með 11. mars 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Örn Helgason f.h. Héðinsgötu 10 ehf. dags. 5. mars 2019, Kristján Sveinlaugsson f.h. Þingvangs dags. 11. mars 2019, Arnar Þór Ólafsson dags. 11. mars 2019, Stella Guðrún Arnarsdóttir mótt. 11. mars 2019, Ólafur H. Ólafsson f.h. Spörvar Líknarfélag Reykjavíkur mótt. 11. mars 2019, Aron Örn Jakobsson mótt. 11. mars 2019, Kristinn A. Kristinsson mótt. 11. mars 2019, Haraldur Guðnason mótt. 11. mars 2019, Karítas Ósk Þorsteinsdóttir f.h. Alanó Klúbbinn mótt. 11. mars 2019, Ólafur Þórir Guðjónsson mótt. 11. mars 2019, Sigurður Ólafsson mótt. 11. mars 2019, Sigurður Konráðsson mótt. 11. mars 2019, Hrefna Rán mótt. 11. mars 2019, Sigurður Þór Þórsson mótt. 11. mars 2019 og Ásta Björg Jörundar mótt. 11. mars 2019. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. júní 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. mars 2019 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2019.

Tillagan var á fundinum samþykkt með eftirfarandi bókun: „*Tillagan er samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2019 með fjórum atkvæðum Fulltrúa Pírata, fulltrúa Samfylkingarinnar og fulltrúa Viðreisnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu erindisins.*

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bóka:

"Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa lagt áherslu á búsetuúrræði til lengri og skemmri tíma. Þessi úrræði eru mikilvæg, enda hefur fjöldi heimilslausra tvöfaldast á fáum árum. Hér hafa komið fram sterk andmæli frá aðilum sem eru að vinna í bataferli og er vert að virða sjónarmið þeirra. Þá er nauðsynlegt að heimildin sé til fyrirfram skilgreinds tíma þar sem búseta er óheimil samkvæmt aðalskipulagi."

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar:



"Fulltrúar Fulltrúi Miðflokksins mótmælir harðlega samþykkt deiliskipulagsbreytingar vegna Héðinsgötu 8 í ljósi þeirra athugasemda sem bárust við auglýsingu breytingar. Lítum nánar á tvær þeirra athugasemda sem bárust: Draumasetrið, nálægð, 30metrar: Síðastliðin 6 ár hefur líknarfélag rekið áfangameilið Draumasetrið fyrir 42 sálir að Héðinsgötu 10 með samþykki borgarráðs og skipulagsyfirvalda Reykjavíkur og Faxaflóahafna. Íbúar hússins er undantekningalaust fólk sem er í bataferli eftir að hafa verið í neyslu áfengis og fíkniefna og koma flestir frá SÁÁ, Hlaðgerðarkoti, Krísvík og fangelsum. Allt er gert til að íbúum líði sem best, með miklu aðhaldi, ströngum reglum, fundum og hjálp til að komast aftur til betra lífs. Alanó, nálægð, 10 metrar: Alanó rekur líknarfélag við Héðinsgötu 1-3 þar sem starfræktar eru yfir 50 12spora deildir AA samtakanna. Varlega áætlað sækja 250-500 manns þessa þjónustu daglega og er stór hluti þeirra nýliðar sem eru að stíga fyrstu og erfiðustu skrefin að nýju lífi án áfengis og fíkniefna. Samantekt: Það frábæra starf sem Draumasetrið og Alanó hafa staðið fyrir í fjölda ára er sett í algjört uppnám þar sem ein stærsta forsenda bata alkahólista og fíkla er að slíta með öllu samgangi við neyslustaði og þá sem eru í neyslu. Að setja bata þúsunda í hættu fyrir úrræði fyrir 5 einstaklinga er glapræði."

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata, Flokks fólksins og Sosialistaflokks Íslands bóka: "Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata, Flokks fólksins og Sosialistaflokks Íslands styðja eindregið uppbyggingu smáhýsa fyrir heimilislausu einstaklinga sem margir hverjir búa við fjölbættan vanda. Við tökum undir umsögn Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um mikilvægi tímabundins húsnæðis fyrir heimilislausu einstaklinga sem hafa þörf á virkri nærþjónustu og undirstrika að nálægð við úrræði geti skipt sköpum og aukið líkur á bata. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur þegar fundað með Draumasetrinu varðandi fyrirhuguð smáhýsi og mun áfram hafa samband við Alanó Klúbbinn eins og kemur fram í kynningu frá sviðinu."

Vísad til borgarráðs. "

Borgarráð staðfesti afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs á fundi sínum þann 18. júlí 2019.

Skipulagsstofnun tilkynnti með bréfi dags. 29. ágúst 2019 að hún gerði ekki athugasemd við birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild stjórnartíðinda.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar birtist í B-deild stjórnartíðinda þann 13. september 2019.

Kröfugerð

Kærandi krefst þess að framangreind breyting á deiliskipulagi verði felld úr gildi.

Reykjavíkurborg krefst þess að kröfu kæranda í máli þessu verði hafnað.

Málsástæður og lagarök

Varðandi kröfur, málsástæður og lagarök kæranda vísast til kæru, en kærendur byggja einna helst á því að tillagan samrýmist ekki gildandi aðalskipulagi Reykjavíkurborgar og þeim meginreglum sem gilda um gerð deiliskipulags, málsmeðferðarreglur hafi verið brotnar og sjónarmiðum um vernd eignarréttinda og réttmætra væntinga.

Álit Reykjavíkurborgar





Reykjavíkurborg tekur ekki undir málatilbúnað kæranda. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að stofnuð er 806 fermetra lóð undir allt að fimm smáhýsi sem þjóna eiga sem tímabundið búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, en ekki er gert ráð fyrir varanlegri búsetu á svæðinu. Ekki er þannig um hefðbundna búsetu að ræða. Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er reiturinn á miðsvæði M18 og er svæðið einnig skilgreint sem þéttingasvæði Þ47. Heimilt er að vera með þjónustustarfsemi á svæðinu. Samkvæmt skilgreiningu skipulagsreglugerðar getur íbúðarhúsnæði verið á miðsvæðum. Í gildandi stefnu aðalskipulagsins er ekki gert ráð fyrir almennt og umfangsmikilli íbúðaruppbyggingu á svæðinu, sbr. skilgreiningar á mynd 13 í kaflanum Borgin við Sundin. Hinsvegar verður að líta svo á að í aðalskipulagi sé heimild fyrir því að skilgreina í deiliskipulagi á svæði M18 minniháttar uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Það yrði þó ávallt metið sérstaklega m.t.t. nálægðar við atvinnustarfsemi. Á Héðinsgötu 8 er verið að skilgreini í deiliskipulagi búsetuúrræði fyrir heimilslausa, sem verður ávallt að líta á sem tímabundna húsnæðislausn fyrir viðkomandi, auk þess sem húsnæðið sem gert er ráð fyrir eru léttar færanlegar byggingar.

Niðurstaða:

Í ljósi framangreinds hefur ekkert komið fram sem getur valdið ógildingu hinnar umþrættu deiliskipulagsbreytingar og ítrekar Reykjavíkurborg þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni kröfu kæranda í málinu.

Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Harri Ormarsson, lögmaður

Meðfylgjandi eru gögn málsins.

